

Dómaranámskeið í hópfimleikum

Dómaranámskeið í hópfimleikum fer fram dagana 15. – 18. janúar á höfuðborgarsvæðinu. Námskeiðið er bæði fyrir nýja dómara og þá sem ætla sér að endurnýja dómararéttindi. Kenndar verða reglur EG, COP 2025-2028.

Fyrirkomulag námskeiðsins er sem hér segir:

- Video kennsla í Canvas sem þarf að horfa á áður en mætt er á námskeiðið.
- Online spurningatími.
- Heimaverkefni.
- Mæting 15.-18. janúar.

Drög að dagskrá, tímasetningar geta breyst:

- 11. desember – Canvas opnar
- 8. janúar – online spurningatími
- 12. janúar – skil á heimaverkefni
- 15. janúar – mæting 17:00 – 22:00
- 16. janúar – mæting 16:00 – 21:00
- 17. janúar – mæting 8:45 – 17:30
- 18. janúar – mæting 8:45 – 16:00

Nánari dagskrá verður gefin út þegar nær dregur

Hægt er að taka eingöngu dómarapróf í gólfæfingum. Dómari tekur þá almennan hluta og alla hluta sem snúa að gólfæfingum. Ekki er hægt að taka eingöngu próf á dýnu eða trampólíni.

- Námskeiðsgjald er 27.000 kr., bara gólf 17.000 kr.

Skráning fer fram í Þjónustugátt FSÍ eða á netfangið

helga.svana@fimleikasamband.is fyrir **miðvikudaginn 10. desember**, skráning lokar kl.23:59 þann dag.

Taka skal fram í dálknum „Lýsing“ í Þjónustugátt ef dómari ætlar eingöngu að taka dómarapróf í gólfæfingum. Einnig þarf að taka fram ef um endurnýjun eða nýjan dómara er að ræða.